

Grímsey, 24. september 2022
39. fundur hverfisráðs Grímseyjar og íbúafundur

Mættir:

Karen Nótt Halldórsdóttir formaður
Halla Ingólfssdóttir ritari
Bjarni Reykjálín Magnússon
aðrir íbúar Grímseyjar

Íbúafundur haldinn í Múla kl 13:30. Almennur íbúafundur, haldinn vegna almenns vilja íbúa til þess að ræða saman og taka púlsinn við árstíðarskipti.

- Titlaskipti í hverfisráði. Þar sem liggur fyrir að núverandi formaður hverfisráðs mun mikið til vera í landi í vetur vegna vinnu, lagði ráðið þá tillögu fyrir fundinn að formaður og ritari hefðu hlutverkaskipti. Það var samþykkt og mun því Halla Ingólfssdóttir vera formaður hverfisráðs Grímseyjar og Karen Nótt Halldórsdóttir ritari.
- Þar sem tilgangur fundar var að taka púlsinn á eyjarskeggjum var orðið gefið laust.
- Mikill vilji er til þess að opnir íbúafundir séu haldnir reglulega í vetur
- Sinnuleysi bæjarins er algeng upplifun íbúa og að Grímsey gleymist. Viðhald og framkvæmdir dragist lengi, verk séu lengi hálfkláruð þegar loks sé farið í þau og mörg upplifa sagðan iðnaðarmannaskort og vísun í fjárhagsáætlanir sem fyrirslátt þar sem mörg verk hafa verið í beiðni í mörg ár; sbr. múrhuð á Múla.
- Ruslaralegt á hafnarsvæði og við ruslasvæði. Á planinu við hliðina á ruslasvæðinu er heilmikið dót sem stingur í augu, enda er þetta það fyrsta sem farþegar ferjunnar sjá þegar hún kemur að. Sennilega er þetta mestmegnis dót sem býður notkunnar, svo sem í viðgerðir, en það þarf að finna því geymslu eða hylja það. Eins viljum við að ruslasvæðið sé hulið betur, járngríðingin í kring um það er jú gagnsæ þó svo flokkunarhúsið sjálf sé lokað. Sem fyrr segir er þetta það fyrsta sem ber fyrir augu farþega ferjunnar, þ.á.m þúsundum ferðamanna hvert sumar.
- Girðingarmál og hver á Almanning? Höllu hefur verið vísað hingað og þangað í fyrirspurnum um málið og oft send aftur á byrjunarreit. Orkustofnun sækir um leyfi til stækkunnar á vindmyllusvæði, en það svæði er í almenningi, til Akureyrarbæjar svo þar hlýtur eignarhaldið að liggja. Einnig skapaðist umræða um að þegar farið verður í girðingar þurfi að laga þær allar í einu í sameiningu.
- Mikil umræða skapaðist um viðbrögð við slysum og þjálfun eyjaskeggja. Þegar slys verða verðum við að vera betur undirbúin en víða annarsstaðar þar sem oft getur verið erfitt að koma aðstoð út í eyjuna. Árið 2014 kom Sjúkraflutningaskólinn með First Responder námskeið til Grímseyjar og upprifjunarnámskeið um tveimur árum síðar. Námskeiðið var vel sótt en síðan þá hafa sumir sem það tóku flutt úr eyjunni og aðrir dvelja í landi yfir veturinn. Mikill áhugi er á að fá svona námskeið aftur en eftir eftirgrennslan ku beiðni um slíkt þurfa að koma frá HSN eða Slökkviliðinu. Slökkviliðið hér ætlar að grennslast fyrir um þetta innfrá. Eins skapaðist mikil umræða um það hvað er til í eyjunni af búnaði og lyfjum þegar slys verða. Hér getur orðið ófært dögum saman, við erum sú eyja sem er lengst frá landi, og ekkert sterkara við verkjum er til en parkóðin á einstaka heimili og einhver deyfiefni í bátum ef þarf að sauma. Lyfjaskápur er heima hjá læknaritara en hann geymir eingöngu varabirgðir af sýklalyfjum. Sterk verkjalyf má auðvitað ekki hafa hvar sem er en upp kom sú hugmynd að hér væri fyrirkomulag svipað og okkur skilst að sé með með byssuskápa

Grímsey, 24. september 2022

39. fundur hverfisráðs Grímseyjar og íbúafundur

lögreglumanna; enginn vissi af þeim númerið og ef til þess kæmi að nota þyrfti lyfin þyrfti að hringja og fá númer sem væri svo breytt eftir á.

- Viðhald og viðgerðir á vegum þarf að vera á dagskrá oftast eftir að fjöldi ferðamanna margfaldaðist svona eins og hefur gerst undanfarinn tæpa áratug. Eitthvað var gert við í sumar en það er kominn tími á að laga þurfi marga kafla almennilega. Eins kom það upp úr krafsinu í sumar að malarvegurinn frá Básun og upp að ristarhliði er ekki skilgreindur sem vergur heldur slóði og því ekki sinnt. Okkur finnst að þessi kafla eigi að skilgreinast sem malarvegur, þar sem hann er það nú augljóslega, svo sinna megi á honum viðhaldi.
- Eins þarf nauðsynlega að laga það sem skilgreinast slóðar, keyra í þá möl/sandi/kurli og slétta, sérstaklega þann sem liggur frá ristarhliði og út á fót. Þúsundir ferðamanna ganga þennan slóða, að kúlunni, daglega yfir sumarið og hundruðir á dag þegar eru skemmtiferðaskip. Eins og veðurfarið hefur verið í sumar eru þeir mikið farnir að láta á sjá.

Fundi slitið kl. 15:30